

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 3. maí og 5. júlí 2001 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Garðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*29. ágúst 2001.*

F.h. Garðabæjar,

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi Garðabæjar.